



Etanercept lyfjagjöf

Gigtarsjúkdómur hjá barni

Hvernig virkar lyfið?

Etanercept er líftækniyf sem dregur úr bólguviðbrögðum ónæmiskerfisins. Með því að hemja þessi viðbrögð geta einkenni sjúkdómsins svo sem liðbólgur, hreyfiskerðing, verkir og þreyta minnkað. Lyfið byrjar að virka eftir tvær til tólf vikur. Það er notað ef önnur lyf, svo sem methotrexate, hafa ekki gefið nægilega góðan bata. Oftast er lyfið gefið með öðrum gigtarlyfjum, svo sem methotrexate. Sérlyfjaheiti etanercept eru t.d. Enbrel®, Benepali®, Erelzi®.

Hvernig er lyfið gefið?

Lyfið er gefið með stungu undir húð einu sinni í viku. Þú eða einhver nákominn lærir að gefa lyfið heima.

Hverjar eru mögulegar aukaverkanir?

Alvarlegar aukaverkanir eru sjaldgæfar. Einkenni eins og kláði, marblettur eða roði á stungustað geta valdið óþægindum en eru ekki alvarleg og hverfa oft við áframhaldandi notkun. Útbrot vegna ofnæmis eða hiti geta komið fyrir, einnig breytingar á blóðfrumum, en það er sjaldgæft.

Við lyfjagjöfina getur mótstaða gagnvart sýkingum minnkað og hætta aukist á algengum sýkingum svo sem kvefi og sýkingum í öndunarferum. Einnig geta alvarlegri sýkingar af völdum bakteria komið fram, en slíkt er þó mjög fátítt.

Þarf að fylgjast sérstaklega með mér?

Þú þarft að vita um mögulega hættu á sýkingum. Ef þú ert með hita áttu ekki að nota lyfið þá vikuna. Hafðu samband við gigtarteymið ef þú ert í vafa eða ef þú heldur að þú sért með aukaverkanir af lyfinu. Oft þarf að taka blóðsýni á nokkurra mánaða fresti.

Aðrar upplýsingar

Bólusetningar

Ef gefa á bólusetningar sem innihalda lifandi veiklaða sýkla meðan lyfið er notað þarf að ræða sérstaklega við lækni eða hjúkrunarfræðing barnagigtarteymis. Þetta á við um t.d. bólusetningu gegn mislingum, hettusótt, rauðum hundum, hlaupabólu og berklum.

Skurðaðgerðir

Skurðaðgerðir þarf að skipuleggja með fyrirvara ef mögulegt er. Þá er lyfið ekki tekið síðustu vikuna fyrir aðgerð en byrjað aftur eftir eina til tvær vikur, ef allt hefur gengið vel.

Meðganga og brjóstgjöf

Óljóst er hvort lyfið getur haft óæskileg áhrif á þungun og brjóstgjöf. Ræddu við lækni eða hjúkrunarfræðing barnagigtarteymis ef spurningar vakna.

Tannhirða

Tannhirða er mikilvæg. Ef fyrirhuguð er aðgerð hjá tannlækni þar sem hætta er á blæðingu eru stundum gefin sýklalyf til að koma í veg fyrir að bakteríur komist í blóðrás og geti valdið sýkingu.

Húðflúr og götun

Mikilvægt er að hafa í huga að aukin hætta getur verið á húðsýkingum við húðflúrun eða götun.

Ferðalög

Við ferðalög er mikilvægt að lyf séu höfð í handfarangri. Þegar ferðast er með flugi til útlanda er æskilegt að hafa meðferðis vottorð um lyfjameðferðina frá barnagigtarteymi.

Láttu vita um meðferðina ef þú þarft að leita til annarra lækna en þeirra sem venjulega annast meðferð þína.

Frekari upplýsingar um lyfið

Sérlyfjaskrá, Lyfjastofnun: <https://www.serlyfjaskra.is/ShowResult.aspx?d=1&p=1&n=0&i=1&t=0&a=0&at=0&m=0&q=Etanerceptum+INN>